

VINNUSKJAL VEGNA REKSTRARHÆFI

ALMENNT

Forsendan um rekstrarhæfi er grundvallar skilyrði við gerð ársreiknings. Því er greint frá eignum og skuldum í ársreikningi miðað við að félagið geti haldið áfram að skapa verðmæti og greiða skuldir sínar. Ef forsendan um rekstrarhæfi er ekki lengur viðeigandi getur verið nauðsynlegt að breyta mati á eignum og skuldum.

FORSENDAN UM REKSTRARHÆFI

	Unnið af	Tilvísun
REKSTRARHÆFI		
1. Metið hvort líkur séu á að forsendan um rekstrarhæfi sé ekki lengur viðeigandi.	JS 30.9.2014	
METIÐ ÁÆTLANIR STJÓRNARINNAR		
2. Ef vafi er á því hvort um áframhaldandi rekstur verði að ræða þarf að meta áætlanir stjórnar gagnvart þeim þáttum sem valda þessari óvissu og meta þarf líkur á að þessar áætlanir gangi eftir. Oft er hægt að rekja slíkan vafa til skilyrða við gerð rekstrar- og greiðsluáætlana eða gerð ársuppgjörnsins sem er að ljúka. Við þurfum þá að safna saman frekari upplýsingum um tekjur félagsins og framleiðslu, þ.m.t. fara yfir vafasama liði með viðeigandi yfirmanni.	JS 30.9.2014	Ræddum við stjórnendur og þeir fullyrða að rekstrarhæfi sé til staðar.
SKÝRSLA STJÓRNAR		
3. Metið hvort nefna eigi í skýrslu stjórnar þau atriði sem draga rekstrarhæfi í efa.	JS 30.9.2014	Sennilega ekki, nægjanlegt að hafa í endurskoðunar skýrslu
AFLEIÐINGAR FYRIR ÁRSREIKNING		
4. Ef við erum enn í vafa um áframhaldandi rekstur eftir að hafa kynnt okkur áætlanir stjórnar verðum við að meta afleiðingarnar fyrir ársreikninginn og tryggja að þar komi fram allar nauðsynlegar upplýsingar.	JS 30.9.2014	

Texti fyrir endurskoðunarskýrslu:

Á árinu var 137 millj.kr. tap á rekstri félagsins en eigið fé er neikvætt um 172 millj.kr. Veltufjárhlutfall er 0,3 og á fyrri hluta ársins 2014 hefur veltufjárstaða félagsins versnað m.a. vegna vanskila á afborgunum fjármögnunarleigugreiðslna og er almenn óvissa um rekstrarhæfi félagsins. Til að bæta afkomu félagsins verður á árinu 2014 lögð áhersla á arðbæra verkefnaöflun og eru viðræður við lánardrottna um endurfjármögnun skulda og að mati stjórnenda er ekkert sem bendir til þess að sú endurfjármögnun fái ekki samþykkt.